

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

27. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, mánudaginn 9. maí. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Litla Bæ, Skötufirði

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Halldóra Pétursdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Samningur við Raggagarð vegna Vinnuskólans í Súðavík
2. Heilsueflandi Samfélag í Súðavík í samstarfi við Landlæknisembættið.
3. Forsetakosningar 25. júní 2016
4. Íbúafundur í Súðavíkurhreppi.
5. Fjórðungsþing – vorþing og ný stjórn.
6. Hafnarsambandsþing – þingboð.
7. Heimsókn til Færeyja í tilefni 20 ára gjafar leikskólans í Súðavík.
8. Ný heimasíða Súðavíkurhrepps.
9. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.
10. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands nr. 384
11. Fundargerð sambands ísl. Sveitarfél. nr. 838

1.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að ganga frá samningi við Raggagarð varðandi vinnudaga Vinnuskólans í Raggagarði.

Umræða um hvort samningurinn ætti ekki að vera til lengri tíma en til eins árs. Sveitarstjóra falið að athuga hvort að vilji sé til þess hjá stjórn Raggagarðs að gera samning til nokkura ára.

Samþykkt samhljóða.

2.

Sveitarstjóri kynnir minnisblað um mögulegt heilsueflandi átak í Súðavíkurbreppi, Heilsueflandi samfélag í samvinnu við Landlæknisembættið.

Átakið myndi í upphafi, auk þeirra áherslna sem koma frá Landlæknisembættinu, hafa þrjá megin pósta:

- I. Farið yrði af stað með tilraunaverkefni þar sem boðið yrði frítt í líkamsræktina fyrir íbúa Súðavíkurbrepps. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við Geisla.
- II. Farið yrði af stað með heilsueflandi matseðil í mötuneyti Jóns Indíafara.
- III. Boðið yrði uppá geðræktarnámskeið fyrir íbúa sveitarfélagsins haustið 2016.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samstarfssamningi við Landlæknisembættið um átak undir nafninu Heilsueflandi Samfélag í Súðavíkurbreppi.

3.

Sveitarstjóri leggur fram upplýsingablað með helstu dagsetningum í aðdraganda forsetakosninga 25. júní 2016.

Upplýsir að aðalkjörstjórn muni hittast á fundi þann 17. maí.

Lagt fram til kynningar.

4.

Ákveðið að halda íbúafing í Súðavíkurbreppi í september. Nánari dagsetning sem og efni verður ákveðin á næsta fundi sveitarstjórnar.

5.

Pétur kynnir nýja stjórn fjórðungssambandsins sem kjörin var 4. maí. Þar mun Pétur G. Markan leiða stjórnina sem nýr formaður stjórnar fjórðungssambandsins.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með kjörið og væntir mikils af störfum stjórnarinnar á kjörtímabilinu.

6.

Lagt fram til kynningar. Ákveðið að hafnarstjóri sækji þingið fyrir hönd Súðavíkurbrepps. Samþykkt samhljóða.

7.

Sveitarstjóri kynnir niðurstöðu af fundi sem hann átti með sendimanni Færeyja, Pétri Pétursyni, og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, þar sem rætt var opinber heimsókn sveitarfélaganna til Færeyja til að minnast og þakka fyrir þá stórkostlegu gjöf sem Færeyingar færðu Vestfirðingum, eftir snjóflóðin tvö, árið 1995, til uppbyggingar leikskóla á svæðunum.

Ákveðið að fara í opinbera heimsókn með Ísafjarðarbæ til Færeyja.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að vinna að heimsókninni. Ákveðið að taka málið aftur inn á næsta fund sveitarstjórnar til frekari ákvarðanna.

Samþykkt samhljóða.

8.

Sveitarstjóri kynnir hugmyndir um samvinnu vestfirskra sveitarfélaga, í gegnum FV, þar sem farið yrði í vinnu við að búa til sameiginlegan grunn að heimsíðu, þar sem viðmótið og útlitið yrði það sama hjá öllum sveitarfélögunum.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með verkefnið og lýsir sig viljuga um að taka þátt í slíku verkefni.

9.

Lagt fram til kynningar. Ráðgert að taka málið til umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

10.

Lagt fram til kynningar.

11.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að fá að senda sveitarstjórnarmönnum fundargerðina rafrænt, þar sem ekki er hægt að prenta hana út á Litla Bæ, og stjórnarmenn undirriti hana á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 15:30

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

